

Göngur og réttastörf í Blönduósbæ haustið 2020

Í ár verður almennum gestum ekki heimilt að koma í réttir eins og síðustu ár. Gert er ráð fyrir að til rétta mæti einungis þeir sem eiga þar fjárvon eða eru kvaddir til aðstoðar af fjáreigendum. Ástæðan er varúðarráðstafanir og fjöldatakmarkanir vegna kórónu-veirufaraldursins. Sveitarstjórnir Blönduósbæjar og Skagabyggðar bera ábyrgð á framkvæmd réttarstarfa í Skrapatungurétt og ber að tryggja að reglum um sóttvarnir sé fylgt eftir.

Mikilvægt er að allir viðhafi grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki, hvort sem það virðist vera veikt eða ekki.

Almenna reglan er að aðeins þeir sem hafa hlutverk mæti í göngur og réttir og er það vegna 100 manna hámarksreglu. Börn fædd 2005 eða síðar eru undanskilin fjöldatakmörkun.

Þeir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi almannavarna.

Ekki verður skipulögð dagskrá í tengslum við stóðsmölun á Laxárdal og stóðréttir í Skrapatungurétt eins og verið hefur. Ekki er gert ráð fyrir að aðrir en þeir sem eru við smalamennskur ríði Laxárdalinn eða komi upp að Kirkjuskarði 19. september næstkomandi.

Vegna smitvarna er mælt til þess að áfengi verði ekki haft um hönd við gangna- og réttastörf.

Réttir

- Þar sem búast má við að í Skrapatungurétt kunni að koma fleiri en 100 manns réttardagana 6. september og 20. september ber sveitarfélögunum sem að henni standa að gera ráðstafanir til að takmarka það. Í Skrapatungurétt verður því gerð sú krafa að þeir sem fjárvon eiga í þessum réttum skili inn til fjallskilastjóra lista yfir þá sem ætla að taka þátt í réttarstörfum á þeirra vegum. Landbúnaðarnefnd áskilur sér rétt til að skera niður fjölda þátttakenda hjá búfjáreigendum, ef þess gerist þörf.
- Talið verður inn og út í Skrapatungurétt ofangreinda daga og merkt við þá sem þangað mæta, á fyrirfram útbúnum þátttakendalista. Komi upp sú staða að einhver eigi erindi í réttina sem ekki er á lista, skal haft samband við réttarstjóra eða smitvarnarfulltrúa í réttinni.
- Sótthreinsunarefni verður tiltækt í réttum.

Göngur

- Liggja þarf fyrir listi um hvaða einstaklingar fara í göngur með upplýsingum sem nota má til að hafa samband við viðkomandi einstakling, gerist þess þörf. Eru bændur beðnir að koma þessum upplýsingum til gangnaforingja í hverjum göngum.
- Allir smalar skulu hafa handspritt meðferðis.